

15. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar samkvæmt matsskrá Fasteignamats ríkisins ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

16. gr.

Fráveitugjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Eyrarsveitar staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Grundarfirði nr. 267/1976.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. febrúar 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

5. mars 2001

Nr. 213

REGLUGERÐ

um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði.

1. gr.

Breytingu á bústofni í landbúnaði skal meta til tekna eða gjalda sem hér segir:

Bústofn eins og hann var í ársbyrjun og bústofn í árslok skal færa á landbúnaðarskýrslu og reikna til verðs með sama verði og bústofninn er metinn til eignar í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok, bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, færast til tekna eða gjalda eftir atvikum.

Kaupverð lífdýra má gjaldfæra að fullu á kaupári þegar kaupverð hvers einstaks lífdýrs er undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 41. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ef kaupverð á lífdýri er hærra en sú fjárhæð skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Í þeim tilvikum skal gjaldfærsla á kaupári þó aldrei vera lægri en matsverð gripsins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Gjaldfærslan í heild skal aldrei vera hærri en kaupverðið. Sé lífdýr selt eða það drepst innan fimm ára frá því að það var keypt skal færa til gjalda þann hluta kaupverðsins sem þá er ógjaldfærður.

Hafi gjaldfærsla á kaupverði lífdýrs verið dreift á fimm ár, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal eignfæra þann hluta kaupverðs sem ógjaldfærður er. Kaupverð sem dreift er á fimm ár skal framreikna samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en það telst ekki til eigna skv. 3. mgr. 53. gr. sömu laga við útreikning á tekjum og gjöldum vegna verðbreytinga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun tekna og gjalda árið 2001 vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi 3. töluliður B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000 skal heimilt að meta bústofnsaukningu, bústofnsskerðingu og kaup á lífdýrum til tekna og gjalda samkvæmt reglugerð þessari í stað 3. töluliðar B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fjármálaráðuneytinu, 5. mars 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ólafur Páll Gunnarsson.

Nr. 214

6. mars 2001

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016,
Grafarholt, Kirkjustétt 1-3 og 5.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að hluti stofnanasvæðis efst á Grafarholti, austan Kirkjustéttar og sunnan Kristnibrautar (Kirkjustétt 1-3 og 5) breytist í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 215

6. mars 2001

AUGLÝSING**um breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008, Klausturhólar.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kirkjubæjarklausturs 1988-2008 frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar breytta landnotkun á opnu óbyggðu svæði austan Klausturhóla sem breytist í íbúðabyggð með tilheyrandi akstursaðkomu og breytingu á opnu óbyggðu svæði sunnan Klausturhóla á þann veg að þar verði opinberar stofnanir með tilheyrandi þjónustuaðkomu.